

10. enska 2024 - 2025

Kennarar: Íris Olga Lúðvíksdóttir

10

Lýsing

Lokaáfangi í ensku, haust- og vorönn. Áhersla á talað mál, uppbyggingu orðaforða, lestri rauntexna sem og bóka, ritun af ýmsu tagi og málfræði.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslustundir eru fjórar á viku. Að meðaltali er töluð enska í 60% tímans.

Nemendur vinna mikið í hópum, m.a. með orðaforða, í þemavinnu og umræðum;

Nemendur lesa a.m.k. eina skáldsögu á vetrinum og vinna fjölbreytt verkefni útfrá henni.

Námsaðlögun

Allir nemendur hafa aðgang að:

- upplestrarforritum á ensku og íslensku;
- forriti sem gerir nemendum kleift að glósa í texta, teikna inná, fá lesið upp oþh.
- Appinu Quizlet sem heldur utan um orðaforðanám, en þar er hægt að hlusta á orðin.

Námsmat

Ýmsar leiðir að mati eru notaðar, s.s.

- hefðbundnar þekkingarkannanir á orðaforða og málfræði
- jafningjamat á nemendaverkefnum, sérstaklega hópverkefnum
- sjálfsmat á verkefnum
- leiðsagnarmat á m.a. ritunum og öðrum verkefnum,

VS Enska 10. bekkur

- **Hæfni á námssviði**
- Geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn.
- Þjálfist í að draga ályktanir, lesa á milli línanna, giska á orð út frá samhengi og átta sig á uppbyggingu texta.
- geti veitt upplýsingar um menningu sína og umhverfi.
- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Geti fært einföld rök fyrir máli sínu.
- Tileinki sér þá orðaforða sem fylgja viðfangsefnum.

VS Enska 10. bekkur - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum og brugðist við - sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur og myndað sér skoðanir á efni þeirra.

VS Enska 10. bekkur - Samskipti

- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

VS Enska 10. bekkur - Frásögn

- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

VS Enska 10. bekkur - Ritun

- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.
- Geti skrifað af lipurð og öryggi lengri samfelldan texta s.s. ritgerðir, sögur, endursögn, fréttir, gagnrýni og viðtöl.
- Kunni að nota sér upplýsingatækni við námið og helstu hjálpargögn, s.s. leiðréttingarforrit, orðabækur og málnotkunarbækur.

VS Enska 10. bekkur - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.

NÁMSMARKMIÐ

Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati og veitt sanngjarna endurgjöf.

- Hefur náð tökum á sjálfsmati
- Hafi náð tökum á jafningjamati

- Ritun - a blank page

200 - 300 orða ritun; viðfangsefni galopið. Einu reglurnar eru tvær:

1) Byrjið málsgrein á STÓRUM STAF og endið á punkti.

2) Ef þið leggið fram skoðun ykkar, rökstyðjið hana, sem dæmi:

"I have a hard time tolerating Donald Trump BECAUSE he has numerously shown obnoxious and offensive behavior towards anyone who opposes him."

- Composition: Árshátíð

- Animal Farm: lokaverkefni

- A 2-min-talk

Nemendur tala blaðlaust í 2 mínútur um áhugamál sitt, framtíðaráform næstu ára eða nýlegar fréttir.

Fyrirmæli eru inni á Classroom.

- The Tell-tale Heart

- TIKTOK - What is it?

Við byrjum á að fjalla um fyrirbæri sem flestir, ef ekki allir kannast við, samfélagsmiðilinn Tiktok. Vinnuferlið er eftirfarandi

1) Fyrst glósarðu orðaforðann hér að neðan;

2) síðan er orðaforðinn æfður;

3) textinn er lesinn og lesskilningur æfður með verkefnunum;

4) Við skoðum TikTok miðilinn og ræðum - á ensku;

5) kunnátta þín á orðaforðanum er könnuð;

6) þú skrifar um fyrirbærið og vinnuna.

- Choice book

Byrjaðu á að velja þér bók sem hæfir enskugetu þinni, sem þýðir EKKI of erfiða en heldur EKKI OF léttu.

Lestu bókina. Ef þú átt því láni að fagna að hafa aðgang að Hljóðbókasafni Íslands, geturðu mögulega hlustað á bókina. Svo geturðu líka farið hina leiðina, fundið þér bók á Hljóðbókasafni Íslands og lesið hana með aðstoð pappírskókar eða stafrænnar útgáfu. Ertu með Storytel? Þú getur leitað þar líka.

Meðfram lestri: hafðu í huga verkefnið hér að neðan því best er að vinna það jafnóðum. Þú þarft t.d. að orðaforða jafnóðum og þú lest.

Verkefnið er tvíþætt. 1) Þú safnar og þýðir orðaforða og 2) veltir fyrir þér og svarar spurningum. Þú svarar þeim í samfelldu máli. Í lokin kynnir þú stuttlega bókina fyrir bekkjarfélögum þínum og kennara.